

Heyannir



Mörsugur



Harpa

Hvammshlíðardagatal



Nýjar myndir,
gamlar myndir,
pælingar &
fróðleikur
úr fjöllunum

Haustmánuður





2025

Isländischer Kalender & alte
Zeitrechnung isl. – dt.

Þetta gat er ætlað til þess að hengja dagatalið þannig upp (nota pappann með!) að aukasíðurnar sjást fyrir ofan hverja mánaðarsíðu.

Kæru notendur.

Þjóðarblómið er sérstakt. "Holtasóleyjar eru mjög duglegir landnemar á berum melum, og breiðast gjarnan yfir klappir. Þær eru mjög harðgerð jurt sem finnst á allmörgum stöðum upp í 1000 m hæð í fjöllum, hæst skráð á Kirkjufjalli við Hörgárdal í 1200 m", segir á heimasíðunni floraislands.is. Ætli það sé ekki táknrænt? Einmitt þjóðarblómið fylgir ekki þessari tísku að dæma allt ónýtt sem er ekki kafgras eða helst barrskógur – til að græða á kolefniseiningum. Kjörlendi þjóðarblómsins eru berir melar, hugsa sér! Ef "loftslags-tískunni" væri fylgt eftir, væri þjóðarblóminu fljótlega útrýmt.

Verum á varðbergi! Oft eru í raun og veru einkahagsmunir á bak við "loftslagsaðgerðir" og gervirök eru notuð til að réttlæta þær. Til dæmis er enginn rafmagnsskortur hér á landi – Ísland framleiðir mesta rafmagn á íbúa í heimi. En 80% rafmagns fer í stóriðnað (álver) og gagnaver í höndum erlendra fyrirtækja! Því þarf að breyta, alls ekki virkja meira!

Líffræðilegur fjölbreytileiki er það sem skiptir máli, en þaulræktaðir skógar og vindorkuver eru það sem ógnar sérstöðu Íslands einna mest um þessar mundir. Þótt Íslandi rústi öllu landi sínu á þennan hátt, í nafni "loftslagsaðgerða", yrði heiminum ekki bjargað, sérstaklega ekki á meðan Kína er alveg sama um sína mengun. Hins vegar höfum við mörgu og miklu að tapa. Varðveitum paradísina okkar, móa- og melaparadísina, kjörlendi fugla sem eru sjaldgæfir í öðrum löndum – löndum, sem eru þakin skógum, borgum eða þaulræktuðum ökrum.

Verum gagnrýnin! Hugsum frjálst! Eins og íslenska sauðkindin, sérstaklega forystukindin!

Ég læt þetta duga hér og kem í staðinn með eitthvað meira um elsku Ljúf okkar, sjá myndina fyrir neðan, sem flutti í Hvammshlíð í janúar 2024 en sem kemur samt allt of sjaldan fram hérna í dagatalinu. Hann er eins yndislegur og nafnið bendir til. Baugur er að verða 12 ára í nóvember 2024 og þess vegna er þetta núna besti tíminn fyrir hann að ala upp ungan félaga.

En núna óska ég góðrar skemmtunar við sjöunda dagatalið!

Hvammshlíð, á tvímánuði 2024 — Karólína Elísabetardóttir



Gott að vita: Á aðalsíðunni er hver og ein mynd raunverulega tekin í mánuðinum þar sem hún birtist og ég tók allar myndir sjálf eins og áður, nema annað komi fram. Dagatalið inniheldur gömlu mánuðina, merkisdaga og gömlu vikutölurnar. Ég nota dagsetninguna í "nýja stíl" síðan 1700.

14.	byrjun 14. viku á nútímamáli (1. vika í byrjun janúar)
14.	byrjun 14. viku vetrar
14.	byrjun 14. viku sumars
Harpa	sumarmánuður
Ýlir	vetrarmánuður
●	nýtt tungl
☽	fyrsta kvartil
○	fullt tungl
☾	síðasta kvartil
mán	venjulegur virkur dagur
Lau/sun	helgi
mán	"rauður dagur" (almennur frídagur)
Kertasníkir	nafn jólasveins sem kemur þann dag



Holtasóley (Dryas octopetala) – *þjóðarblómið!* – þrífst best á melum og í þurrum móum. Ekki í kafgrasi – og alls ekki í skógum!



5. júní 2024. Sem betur fór sluppum við furðuvel í vorhretinu mikla – nóg pláss fyrir allar kindur og lömb inni og öll fegin að vera á þar í góðu skjóli með nóg af fínu heyi. Meira að segja fuglarnir björguðu sér vel!



Alltaf gaman á Álftavatni!

Dieses Loch ist dazu gedacht, den Kalender mithilfe des Lochs aufzuhängen (Rückpappe nutzen!) und damit die "Zusatzseiten" immer oberhalb der jeweiligen Kalenderseite zu sehen.

Liebe Nutzerinnen & Nutzer,

schön, dass Ihr (wieder) dabeiseid! Ich halte das Vorwort diesmal kurz – die Fotos der einzelnen Monate erzählen am besten, was bei uns von Oktober 2023 bis September 2024 besonders wichtig war. Und wie immer sprechen viele alte Aufnahmen "Bände"! Viel Spaß!

Hvammshlíð, im Monat Tvímánuður 2024 — *Karólína Elísabetardóttir*

Hinweise: *Jedes einzelne Bild wurde wirklich in dem Monat aufgenommen, auf dessen Blatt es erscheint, und ich habe wie bisher alles selbst fotografiert, sofern nicht anders erwähnt. Der Kalender bietet Kalenderwochen, Mondphasen und (isländische) Feiertage. Die deutschen Feiertage lassen sich daraus leicht ableiten. Zudem enthält er die alten isländischen Monate und die Zählung der Sommer- und Winterwochen samt weiterer wichtiger Tage. Oberhalb jedes Kalenderblattes (lochen und komplett aufklappen, s. Hinweis ganz oben!) befindet sich die Extraseite.*

14.	*14. Kalenderwoche (Beginn)*	sun	*sunnudagur = So*
14.	*14. Winterwoche (Beginn)*	mán	*mánudagur = Mo*
14.	*14. Sommerwoche (Beginn)*	þri	*þriðjudagur, 3. Tag = Di*
Harpa	*Sommermonat*	mið	*miðvikudagur, "Mittwochentag" = Mi*
Ýlir	*Wintermonat*	fim	*fimmtudagur, 5. Tag = Do*
●	*Neumond*	fös	*föstudagur, "Fastentag" = Fr*
☽	*Halbmond, zunehmend*	lau	*laugardagur, "Waschtag" = Sa*
○	*Vollmond*		
☾	*Halbmond, abnehmend*		
mán	*normaler Werktag*		
Lau/sun	*Wochenende*		
mán	*Feiertag (in dem Fall Mo)*		
Kertasníkir	*Name des Weihnachtsmanns, der an diesem Tag kommt*		

Hvammshlíð – uppfærðar myndir!

Neue Bilder! Að þessu sinni hópmynd af okkur Baug, Kappa og Ljúf!



Mynd/*Foto: Amy Schneider*

Hjörðin stækkaði enn meira – framhaldið finnst á Janúar-aukablaðsíðunni!
Die (Schaf-)Herde ist noch mehr gewachsen. Forts. s. Januar-Zusatzseite!



Bleikur



Ófeigur



Eitill



Gústa



Tilda



Lína


Drottning
Funa
Helga
Loki
Sólrún
Silfri
Hildur
Grámóri
Sproti
Mías
Fríða
Fálki
Iða
Elín
Lagsi
Snorri
Ugla
Glóa
Verðandi
Vildís
Freyr
Lúsía
Haki
Hamingja
Heiðrún
Garún
Magga
Seli
Ásta
Elsa
Fjóla
Gutti
Auður
Kóngur
Ingvi
Dreki
Funi
Flóki
Bláklukka
Sóley
Engjarós
Víðir
Teitur
Björk
Hanna frá Gróustöðum
Matti frá Straumi
Lísa frá St,-Hámundarst.
Brynjar frá Stóru-Hámundarstöðum
Perna frá Þernunesi
Rebekka
Fannar-Flekka frá Skjaldfönn
Snærún
Snærós
Jökla
Þór
Birta
Fífa
Steinunn
Jónatan
Hneta
Rós
Hjörtur
Moli


Svanur


Litli-Matti


Heiðar

Hér vantar kaupalömbin – þau munu birtast í næsta dagatali!



Litadýrð - fyrsta handbók um íslenska sauðfjárliti!

Vorið 2024 gaf ég loksins út bók, sem hafði verið í vinnslu síðan 2020. Hún er enn fáanleg – nánari upplýsingar finnast hér: tinyurl.com/litahandbok

Svo mun T137-erfðaefnið dreifast enn meira – T-lömbin sem fluttu á eftirfarandi bæi:
Zudem wird sich T137 weiterverbreiten - mit diesen Lämmern, die auf andere Höfe umgezogen sind:


Dóru- og Þórsdóttir


Fjólu- og Mattasonur


Vinningur
Línu- og Þórsson


Brú Bjarkar- og Brynjarsdóttir


Bjarkar- og Brynjarsson


Línu- og Þórsdóttir


Fjólu- og Mattasonur


Hildar- og Þórssonur


Karólína Sóleyjar- og Þórsdóttir

Veðramót í Gönguskörðum | *Nípukot í Víðidal* | *Nípukot í Víðidal* | *Nípukot í Víðidal* | *Byrgisskarð í Vesturdal* | *Byrgisskarð í Vesturdal* | *Tunga í Gönguskörðum* | *Álfgeirsvellir á Efribyggð (Skag.)* | *Grófargil á Langholti*


Fífu- og Brynjarssonur


Bjartur Birtu- og Brynjarsson


Sóleyjar- og Þórsson

Breiðavað í Langadal | *Reykir í Hjaltadal* | *Nafir ofan Sauðárkrók*

www.riduvarnir.is - allt um ræktun riðuþols á einum stað!

Er til forystufé með þolnar arfgerðir? Hvað þýðir "arfgerð" yfir höfuð? Er ARQ betra en VRQ? Hvað er vitað um C151? Af hverju er T137 mjög góður valkostur? Hvernig sæki ég um líflambasöluleyfi? Hvað kostar arfgerðagreining? Finnst ARR á Grænlandi? Hvernig getur maður mælt riðunæmi í tilraunaglasi?

Svör við öllum þessum spurningum og mörgum í viðbót finnast núna á einum stað á netinu: www.riduvarnir.is eða www.ridaneitakk.net

25. janúar: Pálsmessa

Fríða Angantýsdóttir, Akureyri, skrifaði mér: "Fóstri minn Sigurður Jósefsson, bóndi í Torfufelli frá 1950 og fram undir 1990, kenndi mér veðurvísu um Pálsmessu." Hér er vísan:

Ef heiðríkt er og himinn blár
á helgri Pálusmessu
mun þá verða mjög gott ár
mark skal taka á þessu.

Útrýmum riðuveiki - ræktum 18 þolnar arfgerðir!

Lengi héldu margir að ARR sé ekki til í sauðfjárstofninum – einangrunin átti að hafa takmarkað fjölbreytileikann, sem mér fannst reyndar aldrei sannfærandi rök. Í janúar 2022 fannst það samt. Þá héldu margir að Þernunes sé kannski eini bærinn með "upprunalegt" ARR í landinu. Núna kom í ljós að það eru að minnsta kosti tvö upprunasvæði, meira að segja sitt hvoru megin í landinu – Dalir bættust við. Stórglæsilegar fréttir!

En þetta kemur í rauninni ekki alveg á óvart: Grænlenska féð – sem byggir að langmestu leyti á gömlum íslenskum stofni fyrir mæðiveiki-niðurskurði – er með nákvæmlega sömu breytileikana og íslenski stofninn (plús T112 í mjög litlu mæli sem hefur ekki fundist hér á landi), en ARR (= R171) og T137 eru miklu algengara á Grænlandi en hér. Þess vegna er að vona að ARR sé eðlilegur hluti upphaflega íslenska stofnsins líka.

En það er meira í boði. Stofninn er einstaklega fjölbreyttur varðandi liti, hornafjölda og annað sem er útlitstengt, en hann býr einnig yfir að minnsta kosti 28 mismunandi arfgerðum príongensins. Ekki nóg með það, 18 þeirra teljast verndandi eða "mögulega verndandi" og 2 lítið næmar fyrir riðusmiti! Þar með verður auðvelt að útrýma riðuveiki á Íslandi – og varðveita samt fjölbreytileikann í stofninum, ef allir taka í sama streng.

Þetta mat byggir á umfangsmiklum lykilrannsóknum með aðkomu reyndustu riðusérfræðinga á alþjóðavísu. Samkvæmt þeim eru það "mistök" hjá ESB, að einblína á ARR í staðinn fyrir að nota fleiri möguleika. Ísland gæti þar með verið fyrirmynd fyrir önnur lönd. Erfðafræðilegur fjölbreytileiki er dýrmæt auðlind. Auk þess er voðin vís, ef erfðagalli finnst í einmitt þeim gripum, sem eru (óhóflega) mikið notaðir út af arfgerðinni. **Förum okkar eigin leiðir!**

Arnbjörg varð Hanna!

Í síðasta dagatalinu sagði ég frá Arnbjörgu frá Gróustöðum, kollóttum forystublendingi undan sérstökum foreldrum: Rúsínu og Brúsk. Hún átti að flytja til mín haustið 2023 til að leggja hinum kollóttum forystublendingum mínum af Nikulás- og Gústuætt lið. En þegar hún var komin heim af fjalli, varð ljóst að hún bara VARÐ að halda tryggð við átthagana og sérstaklega Gullu húsbóndann – sem ég skil bara allt of vel! Í staðinn skipti hreinræktuð "eyglótt" (baugótt) forystugimbur undan Sveini og Nönnu um lögheimili. Það sem mig vantaði mest, var golsótt og H154 (AHQ). Fyrst kom í ljós að gimbrin var augljóslega ***golsu***baugótt! Næst lét ég arfgerðagreina hana – og viti menn: Hún var með ***AHQ***/ARQ!!! Þar með lá nafnið beint við: Hanna! Síðast en ekki síst urðum við fljótt mjög góðar vinkonur og hún sýnir sterka forystuhæfileika. Algjör draumakind! Eins gott að Arnbjörg vildi ekki flytja …


Mynd: Gulla, Gróustöðum



Mörsugur
(sprich "mörsügür")

25.12.2024 til 23.1.2025; hefst á miðvikudegi í 9. viku vetrar eða á bilinu 20. til 27. desember.

25.12.2024 bis 23.1.2025; beginnt am Mittwoch der 9. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27. Dezember.

Þorri
(sprich "thorri", th wie engl. ti-eitsch)

24.1. til 22.2.2025; hefst á föstudegi í 13. viku vetrar (= á bilinu 19. til 25. janúar nema þegar árið á undan er rímspillisár, þá 26. janúar – sem gerðist í fyrra).

24.1. bis 22.2.2025, beginnt am Freitag in der 13. Winterwoche und kann im Zeitraum 19. bis 25. Januar liegen, außer wenn das Jahr davor ein "rímspillisár" ist (in dem verschiedene Unregelmäßigkeiten auftauchen) – dann beginnt er am 26. Januar. Dies geschah zuletzt 2024.

Janúar

Mörsugur

Þorri

Mið	***1***	***1. Nýársdagur***
Fim	2	
Fös	3	
Lau	***4***	***11.***
Sun	***5***	
Mán	6	2. Þrettándinn
Þri	7	☽
Mið	8	
Fim	9	
Fös	10	
Lau	***11***	***12.***
Sun	***12***	
Mán	13	3. ○
Þri	14	
Mið	15	
Fim	16	
Fös	17	
Lau	***18***	***13.***
Sun	***19***	
Mán	20	4.
Þri	21	☾
Mið	22	
Fim	23	
Fös	24	Bóndadagur
Lau	***25***	***14.*** Pálsmessa
Sun	***26***	
Mán	27	5.
Þri	28	
Mið	29	●
Fim	30	
Fös	31	



Kindurnar hafa alltaf eitthvað fyrir stafni!
Die Schafe haben stets etwas Wichtiges vor!



Kappi



Tilda fremst ...



Garún tekur nýju rúllunni fagnandi!
Garún ist begeistert – neues Heu!

Áttavillt?

Jónatan Hermannsson ratar!

Dettur þér fleira í hug sem ætti að koma fram hér á kortinu? Hafðu samband við mig!

Langanes

Bjargtangar

"Frá Patreksfirði fara menn bara suður eða norður."

"Frá Þórshöfn fara menn bara vestur og austur."

vestur

norður

"Norðlenska málvenjan nær yfir alla Vestfjörðu að undanteknum sveitum sem snúa að Breiðafirði, og allt Norðurland, allt norður á Þórshöfn (eða réttara sagt Langanes). Áttirnar eru vestur og norður. Á Vestfjörðum eru menn annaðhvort vestan eða norðan fjarðar, vestan eða norðan Djúps og fara svo norður á Strandir. Húnvetningar fara norður í Skagafjörð, Skagfirðingar norður í Eyjafjörð og Eyfirðingar norður í Þingeyjarýslu (eða gerðu það meðan ég var þar) og allt endar það norður á Langanesi. Í hina áttina fara menn svo vestur, sveit úr sveit, allt þar til þeir enda vestur á Rauðasandi." Húnvetningar og Skagfirðingar fara samt suður til Reykjavíkur, Keflavíkur eða á Suðurlandið.

"Austfirska málvenjan er líklega skemmtilegust, enda þarlendir trúir sínum sérkennum. Þar eru áttirnar norður og austur. Sú málvenja byrjar eðlilega norður á Þórshöfn og endar austur á Djúpavogi."

norður

austur

"Austfirðingar eru mjög nákvæmir í því að annað hvort eru menn norðan við á (vinstra megin þegar horft er að ósi) eða austan við á. Þetta er í lagi þegar ár renna til austurs eða eitthvað í þá áttina, en þegar ár taka upp á því að renna til norðvesturs getur þetta orðið athyglisvert."

suður

vestur

"Vestanlands eru áttírnar suður (eins og eftir áttavita) og vestur, sem vísar nokkurn veginn í norður. Syðst af öllu á Vesturlandi er náttúrlega Keflavík og vestastur er Patreksfjörður (eða réttara sagt Bjargtangar). Reykvíkingar fara vestur í Borgarfjörð („yfir víkina vestur / vitjar hugurinn tíðast“ segir Sigríður Einars frá Munaðarnesi), Borgfirðingar vestur í Dali og þeir aftur vestur á Barðaströnd. Allir fara svo suður eins og fara gerir."

Berufjörður

"Á Berufirði gætu tveir bátar mæst, báðir á leiðinni austur, en þó með stefnu sinn í hvora áttina."

"Endapunktar Íslands eru fjórir:
Reykjanestá
Bjargtangar
Langanes og
Berufjörður."

Reykjanestá

"Sunnanlands eru áttirnar austur og suður, austur táknar nokkurn veginn það sama og austur á kortinu, en suður táknar vestur, jafnvel norðvestur ef því er að skipta. Sunnlenska orðfærið nær austan frá Berufirði og suður í Keflavík. Sunnar en til Keflavíkur (eða réttara á Reykjanestá) kemst enginn maður."

suður

austur

Góa *(sprich "goua")*

23.2. til 24.3.2025; góa hefst á sunnudegi í 18. viku vetrar, upphafsdagurinn getur því verið á bilinu 18. til 24. febrúar (nema þegar árið á undan er rímspillisár, þá 25. febrúar).
23.2. bis 24.3.2025; góa beginnt am Sonntag in der 18. Winterwoche, also zwischen 18. und 24. Februar, außer wenn das Jahr davor ein "rímspillisár" ist – dann beginnt er am 25. Februar.



Heiðrún



"Langar þig ekki líka að teygja þig smá?"
"Ein paar Dehnübungen sind immer gut!"



Í góðu veðri verða til fallegar kindagötur
Wenn das Wetter gut ist, entstehen schöne Schafstraßen



Ljúfur og Kappi

Febrúar

Þorri

Góa

Lau	***1***	*15.*
Sun	***2***	Kyndilmessa
Mán	3	6.
Þri	4	
Mið	5	☽
Fim	6	
Fös	7	
Lau	***8***	*16.*
Sun	***9***	
Mán	10	7.
Þri	11	
Mið	12	○
Fim	13	
Fös	14	
Lau	***15***	*17.*
Sun	***16***	
Mán	17	8.
Þri	18	
Mið	19	
Fim	20	☾
Fös	21	
Lau	***22***	*18.* ***Þorraþræll***
Sun	***23***	***Konudagur***
Mán	24	9.
Þri	25	
Mið	26	
Fim	27	
Fös	28	●



Vopnafjörður, um 1900. FH



Seyðisfjörður, um 1900. FH



Stelpa á Neskaupstað, 1901. DB



Neskaupstaður, 1901. DB



Fótalaus, en kátur! *Unterschenkellos, aber unverdrossen!*
Neskaupstaður, 1901. DB



Seyðisfjörður, um 1900. DB



Siglufjörður 1923. Mynd/*Foto:* G. Aage





Um 1900. DB

Fiskurinn - *Fisch: (über)lebenswichtig*

Áður fyrr voru nærri allir Íslendingar bændur (eða vinnufólk hjá bændum) – en alla vantaði auk þess fisk, hvort hann sé nýr eða hertur. Margir bændur sem áttu ekki bát sjálfir, fóru í vertíð, oft langar leiðir. Konur unnu við fiskverkun. Fram á 20. öld réru menn í opnum árabátum og lentu í ótrúlegustu svaðilförum. Eðlilega eru engar myndir til af því – en þessar hér, meira en 120 ára gamlar, segja samt sína sögu þótt á landi séu teknar: Lífið var erfitt og oft hættulegt, en fólk tók þessu með æðruleysi og ekki síst: húmor! [DB: Daniel Bruun, FH: Frederick Howell.]

Alltagsbilder rund ums isländische Grundnahrungsmittel Fisch. Trotz allem ist oft Humor nicht weit!

Einmánuður *(sprich "eyn-maunüthür", th = ti-eitsch)*
25.3. til 23.4.2025; hann hefst á þriðjudegi í 22. viku vetrar, upphafið á bilinu 20. til 26.3.
25.3. bis 23.4.2025; er beginnt am Dienstag in der 22. Winterwoche, also zwischen 20. und 26.3.



Ljúfur áhugasamur um tófuslóð niðri við Hvammshlíðará
Ljúfur interessiert sich für die Fuchsspur links



Loki, Ronja, Snorri



Funi, Snærún, Heiðrún



Felumynd: Kappi fremst, en hvar eru Ljúfur og Baugur?
Suchbild: Kappi vorn, aber wo sind Ljúfur und Baugur?

Mars

Góa

Lau	***1***	*19.*
Sun	***2***	
Mán	3	10. Bolludagur
Þri	4	Sprengidagur
Mið	5	Öskudagur
Fim	6	☽
Fös	7	
Lau	***8***	*20.*
Sun	***9***	
Mán	10	11.
Þri	11	
Mið	12	
Fim	13	
Fös	14	○
Lau	***15***	*21.*
Sun	***16***	
Mán	17	12.
Þri	18	
Mið	19	
Fim	20	Vorjafndægur
Fös	21	
Lau	***22***	*22.* ☾
Sun	***23***	***Pálmasunnud.***
Mán	24	Góuþræll
Þri	25	Yngismannad.
Mið	26	
Fim	27	
Fös	28	
Lau	***29***	*23.* ●
Sun	***30***	
Mán	31	14.

Einmánuður



Um 1900: Kláfur yfir Jökulsá á Brú. *Seilbahn.*
Mynd/*Foto*: Frederick Howell



19.9.1932: Skoskt "Cheviot"-sauðfé á Austurvelli – ein af þónokkrum hættulegum innflutningstilraunum; ári seinna kom karakúlfé og með því margir sjúkdómar með hræðilegar afleiðingar fyrir íslenska sauðfjárstofninn sem heild. Mynd/*Foto*: Magnús Ólafsson



Um 1900: Herdísarvík. Takið eftir "þakgluggunum"!
Mynd/*Foto*: Frederick Howell



1914, Kambshjáleiga við Hamarsfjörð. Ólafur Stefánsson, Sveinn Stefánsson, Elín Stefánsdóttir, Gróa Ingimundardóttir (mamma þeirra og fóðursystir Jóhannesar Kjarvals), Guðrún Þorsteinsdóttir. Mynd/*Foto*: Magnús Ólafsson

Gluggar - *Fenster*

Sex myndir – á milli 90 og 120 ára gamlar. Sex gluggar: Hér sést meira en bara þessi eina sekunda á meðan myndin var tekin. Horfum á hvert andlit – manna, hunda, hesta. Skoðum fatnað og verkfæri. Opnum hvern og einn glugga og finnum lyktina fortíðar – skynjum …
Sechs Aufnahmen – sechs Fenster hinein in den Alltag Islands vor 90, 100 und 120 Jahren …

Harpa

24.4. til 23.5.2025; hefst á næsta fimmtudegi eftir 18. apríl og er fyrsti sumarmánuður.
24.4. bis 23.5.2025; beginnt am Donnerstag nach dem 18. April – der erste Sommermonat.



Um 1900: Svínafell
Mynd/*Foto*: Frederick Howell



Um 1900: Galtalækur (Rang.)
Mynd/*Foto*: Frederick Howell

Þetta fjárhúseftirlitskerfi þarf ekki rafmagn!
Dieses Stallüberwachungssystem funktioniert ganz ohne Strom!



Seli Nikulásson fer á undan!
Seli, der Anführer ...





Frændur að leik – *Hammelspiele*: Viðir og Ingvi



Apríl

Einmánuður

Þri 1
Mið 2
Fim 3
Fös 4
Lau 5 24. ☽
Sun 6
Mán 7 15.
Þri 8
Mið 9
Fim 10
Fös 11
Lau 12 25.
Sun 13 ○
Mán 14 16.
Þri 15
Mið 16
Fim 17 Skírdagur
Fös 18 Föstud. langi
Lau 19 26.
Sun 20 Páskadagur
Mán 21 ☾ Annar í páskum
Þri 22 17.
Mið 23
Fim 24 1. Sumard. f.
Fös 25
Lau 26
Sun 27 ●
Mán 28
Þri 29 18.
Mið 30

Harpa

2,5 eru betri en 3 - og aðrar nýstárlegar lausnir

2,5 sind besser als 3 - und andere ideenreiche Lösungen

Sóley Línu- og Kóngsdóttir er frjósöm – hún var tvílembd sem gemlingur og er þrílembd núna árið á eftir. Ásta átti að vera einlembd (allar hinar tvílembdar), þess vegna ætlaði ég að venja þriðja lambið, hrútinn, undir hana. En það fór öðruvísi. Ásta bar stóra hrútnum sínum á örstuttum tíma þremur dögum seinna og hann var kominn á fætur þegar ég mætti. Greinilega var það of seint – ég reyndi alls konar töfralausnir (enda vel upplýst út af öllum athuganum tengdum burðarhjálparmyndböndunum), hún karaði hann og leyfði honum að sjúga, en hún hafnaði honum samt allt í einu eftir sólarhring. Hann mátti vera með henni, en alls ekki sjúga nema ég haldi í horn á meðan.

Þá bauðst allt í einu önnur lausn. Í kringum miðnætti báru Lína (f. 2014) og Dóra (f. 2015) hlið við hlið uppi á melnum samtals fjórum lömbum og ákváðu augljóslega að ala þau saman upp: Þær köruðu öll fjögur og öll fjögur máttu sjúga báðar mæður. Það var tækifæri! Ég hljóp og sótti Sóleyjarhrútinn, bleytti hann aftur með legvatni og bætti honum við. Því 2,5 lömb á móður eru betri en 3! Og viti menn, það tókst! Þessi nótt var mikil upplifun – blankalogn, tunglið stóð hátt á björtum vorhimni og ekkert heyrðist nema mjúku raddirnar þeirra Línu og Dóru á meðan þær köruðu nýfæddu lömbin sín – og fóstursoninn … Lífið var ljúft!

Til öryggis settum við samt mæðurnar tvær og lömbin fimm inn og í frekar litla stíu þannig að sameiginlega "fjölskyldulyktin" færðist yfir á öll sjö. Fóstursonurinn var alsæll, fullt af "systkinum" og meira að segja tvær mæður sem hann mátti sjúga – sem hann gerði af fullum krafti! Sem betur fór fékk hann samt ekki skítu!

Í stuttu máli tókst þetta fyrirkomulag mjög vel, sérstaklega fyrstu 2 til 3 vikurnar á meðan það skipti mestu máli. Eftir það þróaðist það þannig að þrjú lömb sugu Línu: Sóleyjarsonurinn, Dórudóttirin og hennar eigin sonur, á meðan Línudóttirin og Dórusonurinn sugu Dóru. Þannig að mæðurnar skiptu á dætrum og Lína fékk barnabarnið sitt sem "einkafósturson". Þar sem hún er mjög mjólkurlagin, slapp þetta betur en ef Sóley hefði gengið með þrjú á unga aldri. Þannig að þessi lausn er alveg eitthvað sem maður getur tekið til greina! Ég læt fylgja nokkrar lýsandi myndir. Síðast en ekki síst: 4 af lömbunum 5 eru með T137 og 2 einnig með N138!

*Sóley, Línas Tochter, brachte diesmal drei Lämmer zur Welt. Die einzige Aue, die nur ein Lamm bekam, war Ásta - aber leider klappte es nicht, ihr Sóleys Sohn unterzuschieben. Unerwartet bot sich aber eine andere Lösung: Lína und Dóra lammten beide gleichzeitig und Seite an Seite oben auf dem Hügel und entschieden sich, ihre insgesamt vier Lämmer gemeinsam aufzuziehen: Beide leckten alle vier Lämmer und alle vier durften bei beiden saugen. Das war **die** Gelegenheit, um Sóleys Sohn auch noch unterzubringen! Und es klappte – zumindest die ersten zwei bis drei Wochen, die am wichtigsten sind. Später teilten sich die Lämmer in zwei Gruppen auf – die Mütter tauschten ihre Töchter und behielten ihre jeweiligen Söhne, und Lína noch zusätzlich ihren Enkel. Da sie besonders viel Milch gibt, ging alles gut – wie man auf den Fotos gut erkennen kann!*















Gibba á Bassastöðum

Guðbrandur Sverrisson á Bassastöðum á Ströndum sendi mér skemmtilega mynd og sögu:

"Meðan ég var enn með kýr til heimilisnota, þá átti ég kú sem var fremur smáspen og róleg með afbrigðum. Það bar svo til að 1981 bar þrílemd ær, heilsan mun hafa verið slæm því hrútarnir tveir voru vandir strax undir aðrar ær en hún gekk með gimbrina í rúmlega tvær vikur. En þá drapst móðirin og gimbrin tekin heim. Þá datt mér í hug hvort ég gæti látið lambið sjúga kúna, sem var þá nýborin. Þó lambið, sem var gimbur, væri tæplega meðallamb þá gekk þetta það vel að lambið fylgdi kúnum og og saug þessa fóstru sína alt sumarið, stækkaði með afbrigðum, var sett á og varð gríðar væn og afurðasöm kind. Hún hét Gibba, númer 81-427, og þekkti fóstru sína meðan báðar lifðu. Þessi mynd var tekin þegar búið var að taka kindur á hús, ég held það hafi verið í desember. Þær fóstrurnar höfðu ekki sést nærri tvo mánuði og gimbrin var mjög áköf og ánægð og kusa var bara vel sátt líka.

Kýrin mjólkaði náttúrulega mikið meira en fyrir lambið og þegar lambið stækkaði þá höfðu þær það þannig að Lilja, konan mín, mjólkaði þrjá en lambið lét sér nægja einn. Við vorum ekki með mjólkursölu, kýr voru bara fyrir heimilið, oftast vorum við með tvær en stundum bara eina; engin mjaltavél, bara handmjólkað. Sá sem mjólkaði sat altaf hægra megin, það var kallað að hægri spenarnir væru "nærkonumegin" og vinstri væri "fjærkonumegin". Gibba var "fjærkonumegin" og saug frekar fremri spenann eða tók bara þann sem spenann sem laus var. Á myndinni er hún þeim megin sem hún var ekki vön um sumarið þegar Lilja var hægra megin. (Þegar handmjólkað er þá er mjólkað með báðum höndum: alltaf fyrst fremri spenana og svo aftari spenana – ekki hægri spenana fyrst og svo vinstri –, og alltaf tók hægri hendin þann spena sem var fjær.)

Gibba bar tveimur gimbrum veturgömul og þær voru 33 og 35 kíló þótt þær gengu báðar undir móðurinni."

1981 wurde auf Bassastaðir in der Region Strandir ein Aulamm mutterlos, als gerade eine Kuh gekalbt hatte. Da entschloss sich Guðbrandur, der Bauer, die Kuh probehalber das Lamm säugen zu lassen – und es klappte, obwohl das Lamm ziemlich klein war!

Es wuchs dank des reichlichen Milchangebots enorm (dabei nutzte sie nur 1 Zitze, die anderen 3 wurden normal gemolken) und wog im Herbst trotz des schwierigen Starts 46 kg, wurde Gibba getauft und erwies sich als sehr ertragreiche Aue. Sie hatte gleich im Jahr danach zwei Aulämmer, die beide von ihr selbst aufgezogen wurden und dennoch ein bemerkenswertes Gewicht erreichten (33 und 35 kg).

Gibba suchte auch später immer noch gern ihre Pflegemutter auf, solange sie lebte, und die Zuneigung beruhte auf Gegenseitigkeit. Das Foto ist im Dezember 1981 entstanden.

Skerpla

24.5. til 22.6.2025; hefst á laugardegi í 5. viku sumars, þessi dagur getur verið á bilinu 19. til 25. maí.

24.5. bis 22.6.2025; beginnt am Samstag der 5. Sommerwoche, d. h. im Zeitraum vom 19. bis zum 25. Mai.





Auður við Steinunni Steinríksdóttur: "Bíddu aðeins, lambið mitt, bróðir þinn er alveg að koma!"
Auður zu Steinunn: "Warte noch kurz, dein Bruder ist gleich da!"



Engjarós og sonur - með spurningarmerki!
Engjarós und Sohn mit Fragezeichen



Sóley og dóttir



Björk þolinmóð!
Björk hat viel Geduld!

Maí

Harpa

Fim	***1***	***2. Verkalýðsd.***
Fös	2	
Lau	***3***	***Krossmessa****
Sun	***4***	☽
Mán	5	19.
Þri	6	
Mið	7	
Fim	8	3.
Fös	9	
Lau	***10***	Eldaskildagi
Sun	***11***	
Mán	12	20. ○
Þri	13	
Mið	14	Krossmessa**
Fim	15	4.
Fös	16	
Lau	***17***	
Sun	***18***	
Mán	19	21.
Þri	20	☾
Mið	21	
Fim	22	5.
Fös	23	
Lau	***24***	
Sun	***25***	
Mán	26	22.
Þri	27	●
Mið	28	
Fim	***29***	***6. Uppstignd.***
Fös	30	
Lau	***31***	

Skerpla

* Vinnuhjúaskildagi í gamla stíl og víða á Austurlandi
** Vinnuhjúaskildagi síðan 1700 nema víða á Austurlandi

Skyldleikarækt - tvö vel heppnuð dæmi

Svanur Ástuson



Myndirnar 3 af Nikulás: Torfi Bergsson

Almennt er ég ekki mikið fyrir ýkta skyldleikarækt og ég nota hrútana mína yfirleitt bara einn vetur, eftir það verða þeir sauðir. En í sumum tilfellum getur það verið spennandi valkostur. Skyldleikarækt "magnar upp" eiginleika – bæði góða og slæma. Ef ekkert slæmt kemur fram, hefur þessi aðferð reynst vel til að festa arfgengni góðra eiginleika, t.d. í hrossarækt – ræktunarlínur á borð við Svaðastaði eða Hindisvík náðu frábærum arangri með henni.

Hér eru tvö dæmi sem eru ekki einu sinni sérstaklega ýkt. Mælikvarðinn minn hér fyrir vel heppnaða ræktun eru góðir forystueiginleikar og á sama tíma auðvitað góð heilsa og hreysti. Ef gripurinn er auk þess fallegur, er það enn betra. Markmið mitt er að rækta gott forystufé (sjá upplýsingarsíðu fyrir ofan september-síðuna) sem ber helst T137 eða AHQ (eða bæði). Helst myndi ég ná fram tvær línur, kollótta og hyrnda, en kollótt + kollótt gefur ekki alltaf kollótt, þannig að það mun taka tíma.

Inzucht kann – mit entsprechender Umsicht – sehr hilfreich sein, um gute Eigenschaften "erbfest" zu machen. Nicht zuletzt in der isländischen Pferdezucht wurde dies oft genutzt. Hier sehen wir zwei Beispiele mit sehr guten Resultaten!

Svanur skar sig úr hópnum strax. Þrátt fyrir að vera 10 dögum yngri lék hann sér við Steinríksbörnin og þau tóku honum sem jafningja. Hann ræður annars öllu hjá "venjulegu" lömbunum. Á tímabili var hann frekar styggur, en allt í einu ákvað hann að smakka köggul hjá mér sem mamma hans er svo solgin í. Það braut ísinn og næsta dag fannst honum meira að segja gott að láta klóra sér! Síðast en ekki síst er hann með T137. Algjör draumur ... Eini ókosturinn er að hann er hvítur. En samt mjög fallegur – nafnið hans lá þess vegna beint við!

Inzucht - zwei gut gelungene Beispiele

Hjörtur og Moli Elsusynir



Sólmánuður

("soul-maunüthür")

23.6. til 26.7.2025; hann hefst á mánudegi í 9. viku sumars (18. til 24. júní).
23.6. bis 26.7.2025; beginnt am Montag der 9. Sommerwoche (18. bis 24. Juni).

Þessir bræður eru líka sérstakir. Eins og Svanur fæddust þeir vandræðalaust á milli "eftirlitsheimsóknа". Hjörtur er eðlisgæfur, alveg óhræddur frá upphafi, á sama tíma mjög klár og skýr í kollinum. Fyrstu tvær, þrjár vikurnar var hann pínu aðþrengjandi, en hætti þessu þá alveg og hefur verið rólegur, vinalegur og kurteis síðan. Hann er það sérstakur að ég ætla að eiga hann þrátt fyrir að vera með ARQ/ARQ. Einfalt mál að nota hann á ær með þolnar arfgerðir og njóta samt góðs af geðslaginu hans! – Moli fæddist greinilega með selenskorti og var þess vegna seinn til, en eftir aðra sprautu eftir þrjár vikur var hann allt í einu alveg eðlilegur. Hann er líka rólegur að eðlisfari, en feimnari. Þetta kemur samt! Þar sem hann er með T137 og forystubakgrunn og meira að segja gulur, ætla ég að prófa að nota hann á eina eða tvær ær.



Heiðar og Litli-Matti Heiðrúnar- og Mattasynir



Fjólu- og Mattasynir



Rós Hildar- og Þórsdóttir



Mjóidalur, Kirkjuskarð

Júní

Skerpla

Sun	**1**	**Sjómannad.**
Mán	2	23.
Þri	3	☽
Mið	4	
Fim	5	7. Fardagar
Fös	6	
Lau	**7**	
Sun	**8**	**Hvítasunnud.**
Mán	**9**	24. **Annar í Hv.**
Þri	10	
Mið	11	○
Fim	12	8.
Fös	13	
Lau	**14**	
Sun	**15**	
Mán	16	25.
Þri	17	Þjóðhátíðard.
Mið	18	☾
Fim	19	9.
Fös	20	
Lau	**21**	**Sumarsólstöður**
Sun	**22**	
Mán	23	26.
Þri	24	**Jónsmessa**
Mið	25	●
Fim	26	10.
Fös	27	
Lau	**28**	
Sun	**29**	
Mán	30	27.

Sólmánuður

Sumarkvöld á Staðarbakka 1898:
Hverfum í smá stund aftur í löngu líðinn heim …

Sommerabend auf Staðarbakki 1898:
kleine Reise in längst vergangene Zeiten …







Kvöldmjaltir fyrir 125 árum – *Melkzeit*

Eins og allir vita var mjög flókið að taka myndir áður fyrr, sérstaklega á meðan myndavélin var ennþá stór kassi með þrífót og ekki einu sinni filmur höfðu litið dagsins ljós, heldur eingöngu myndarplötur úr gleri voru í boði. Þess vegna eru myndirnar, sem Daninn Daniel Bruun tók um næstsíðustu aldarmótin, algjörar gersemar: Hann tók "hversdagsmyndir", meira að segja oft nokkrar á sama stað, oft furðu skýrar, og hafði mjög gott auga fyrir það, sem skipti máli. Ekki síst er augljóst, að hann náði góðri tengingu við myndefnið sitt – hvort sem um mannfólk eða skepnur var að ræða. Mér finnst myndirnar hans þess vegna einstaklega skemmtilegar og ég skoða þær oft lengi.

Þegar fyrir nokkrum árum birti ég eitthvað úr þessari röð sem hann tók 1898 (fyrir meira en 125 árum!) á Staðarbakka í Miðfirði. Núna fann ég allt í einu mynd sem tekin var í hina áttina! Auk þess er hún einstaklega raunveruleg og full af áhugaverðum smáatriðum. Ég næstum því heyri kvíærnar labba í burtu á grasinu … Skemmtilegar eru líka hinar tvær myndir til hægri, sem Daniel tók nokkrum mínutum fyrr. Gaman að sjá hvernig bæði kollótta ærin við grindina og einnig kýrnar eru að fylgjast með smaladrengnum! Svo fáum við jafnvel að sjá "litmynd" af bænum sjálfum, sem Johannes Klein, félagi Daniels, málaði.

Diese uralten Aufnahmen faszinieren – trotz unhandlicher Plattenkamera gelang es Daniel Bruun, eine vollkommen realistische Szenenreihe einzufangen. Sogar die Kommunikation zwischen Treiber-Junge und Schafen bzw. Kühen ist zu sehen!



Heyannir

27.7. til 25.8.2025; hefjast á sunnudegi eftir aukanæturnar fjórar milli sólmánaðar og heyanna á miðju sumri (23. til 30. júlí).

27.7. bis 25.8.2025; der Beginn ist am Sonntag nach den "aukanætur" (Zusatznächten, sprich "öika-naitür"), d. h. im Zeitraum 23. bis 30. Juli. Diese vier Nächte zwischen sólmánuður und heyannir gehören keinem Monat an.



Lóan og dráttarvélin: Án sauðfjárbúskapar væri lóan ekki til – hún þarf þetta opna beitarlandslag!
Goldregenpfeifer



Jónatan Auðar- og Steinríksson – auðvitað í höfuðið á Jónatan Hermannssyni frá Galtarlæk!



Fjólu- og Mattasonur



Hjörtur Elsu- og Þórsson. Mjög sérstakur persónuleiki alveg frá fæðingu! Skyldleikaræktaður út af Nikulás frá Brakanda og Dóru frá Helgafelli.

JÚLÍ

Sólmánuður

Þri 1
Mið 2 ☽
Fim 3 *11.*
Fös 4
Lau 5
Sun 6
Mán 7 28.
Þri 8
Mið 9
Fim 10 *12.* ○
Fös 11
Lau 12
Sun 13
Mán 14 29.
Þri 15
Mið 16
Fim 17 *13.*
Fös 18 ☾
Lau 19
Sun 20
Mán 21 30.
Þri 22
Mið 23
Fim 24 *14.* ●
Fös 25
Lau 26
Sun 27
Mán 28 31.
Þri 29
Mið 30
Fim 31 *15.*

ankeuætur

Heyannir

Heyskaparorð

Dýrfirðingurinn ***Bjarni Guðmundsson*** er einstaklega góður penni og teiknari. Eftir að hafa lesið bókina ***"Íslenskir sláttuhættir"***, greip mig sterka löngun að slá allar engjar í Hvammshlíðardal með orfi og ljá. Kannski var eins gott að ég las hana um hávetur! Hin bókin hans um þetta efni, ***"Íslenskir heyskaparhættir",*** er alveg eins frábær. Báðar eru enn fáanlegar og ómissandi lesefni fyrir öll sem vilja kafa dýpra (og kannski prófa sjálf). Ég þakka Bjarna kærlega fyrir að veita mér leyfi til að nota teikningar sínar í dagatalið!



Spágilsstaðir í Dölum, 1960–64. Mynd/*Foto*: Hjálmar Sigurðsson



1898. Mynd/*Foto*: Daniel Bruun



1898. Mynd/*Foto*: Daniel Bruun





Tvímánuður

26.8.–24.9.2025; hefst á þriðjudegi í 18. viku sumars (eða á bilinu 22. ágúst til 28. ágúst) nema ef sumarauki er.

26.8.–24.9.2025; beginnt am Dienstag der 18. Sommerwoche (22. August bis 28. August), außer wenn es sich um ein Jahr mit sumarauki handelt.



Reykjahlíð, 1898. Mynd/*Foto*: Daniel Bruun



Stafn, um 1944. Mynd/*Foto*: úr safni Sigursteins Bjarnasonar



Stafn, 1947. Mynd/*Foto*: úr safni Sigursteins Bjarnasonar



Stafn, 1935. Mynd/*Foto:* úr safni Sigursteins Bjarnasonar



2023 í geymslu á Skjaldfönn





1968. Myndir/*Fotos:* Kjartan Ólafsson prentari



1898. Mynd/*Foto*: Daniel Bruun



Forystufé á fjallinu: Jónatan, Auður, Steinunn
Anführerschafe in den Bergen



Baugur og fallega fífan ...
Herbstliches Wollgras





Steinunn – þvílík fegurð! Og með blóm til skrauts ...

Ágúst

Heyannir

Fös	1	☽
Lau	***2***	***Verslunarmanna-***
Sun	***3***	***helgi***
Mán	***4***	***Frídagur versl.***
Þri	5	
Mið	6	
Fim	7	*16.*
Fös	8	
Lau	***9***	○
Sun	***10***	
Mán	11	33.
Þri	12	
Mið	13	
Fim	14	*17.*
Fös	15	
Lau	***16***	☾
Sun	***17***	
Mán	18	34.
Þri	19	
Mið	20	
Fim	21	*18.*
Fös	22	
Lau	***23***	●
Sun	***24***	
Mán	25	35.
Þri	26	
Mið	27	
Fim	28	*19.*
Fös	29	Höfuðdagur
Lau	***30***	
Sun	***31***	☽

Tvímán.



Agnes Prúðsdóttir frá Brakanda



Slæða frá Steinnesi (f. 2014), hefur reynst vel og er enn til þar, Flórgoðadóttir, MF: Karl Philip, MMF: Blesi. Og viti menn: með AHQ/AHQ!



Fjóla Seladóttir Nikulássonar á undan – Gústa næst

Hvað er forystufé?

Eins og orðið bendir til, ætti þetta að vera fé sem fer á undan, sem **"tekur forystu"**. Bókin "Forystufé" eftir Ásgeir Jónsson (1953) gefur umfangsmikla innsýn og er ómetanleg heimild um þennan horfna heim, þegar forystufé var enn notað í þetta hlutverk dagsdaglega. Ég styðst hér að langmestu leyti á við þessa heimild.

"Góð forystukind" var sú, sem brást ekki í þessu hlutverki og sem sýndi bæði **kjark og ábyrgð**, að "slita ekki þráðinn" heldur bíða eftir hinum; og að koma í veg fyrir að hópurinn sundrast, jafnvel með því að hringsnúast í kringum hjörðina (t.d. þegar þær fundu á sér vont veður í aðsigi). Og allt þetta í náinni samvinnu við bóndann! Margar þeirra hlýddu meira að segja bendingum.

Það segir sig sjálft, að **útlitið** skipti engu máli þegar kindin bar yfir slíkum andlegum hæfileikum – þótt það hafi verið glæsilegir gripir á meðal góðra forystukinda. Þar að auka skipti engu máli, hvort þessi kind hafi verið **"hreinræktuð"** ef hún var með góða hæfileika. Allir vissu, að framúrskarandi hæfileikar gátu komið fram einnig í einstaklingum undan "venjulegum" foreldrum – og öfugt, að ekki öll lömb út af forystuættum sýndu þess háttar hæfileika. Oft var einnig talað um "léttræka" gripi, einhvers konar millistig á milli venjulegs fjár og forystufjár. – Forystuhæfileikar erfast, en á flókin hátt sem leiðir að mikilli óvissu – þess vegna er mikilvægt að dæma hvern einstakling fyrir sig og ekki síst láta reyna á forystuhæfileikana, fylgjast með alveg frá upphafi, og gefa fénu tækifæri til að sýna forystu. Bændur sem hafa greiðan aðgang að fjalli og sem láta kindurnar "liggja við opið" fá talsvert fleiri tækifæri til þess en hinir.

Hins vegar virðist útlitið skipta miklu máli í dag og oft er eingöngu rólegt geðslag eitthvað, sem nefnt er af andlegum eiginleikum – þessi hugsunarháttur er í samræmi við "flokkunarmenningu" sem er algeng í nærri öllum löndum nema Ísland. Þar voru búin til "búfjárkyn" með því að flokka eftir útliti. Í stuttu máli: allt mórautt í þessu kyni og allt hvítt í hinu, flekkótt er bannað og yfirhöfuð allt, sem kemur í veg fyrir að allir einstaklingar eru eins …

Hér á landi eru hins vegar einfaldlega til "kindur" (og hross og geitur og kýr) og hver og einn ákveður sjálfur hvað hann vill leggja áherslu á í ræktun. Þessi hugsunarháttur er ástæðan fyrir erfðafræðilega fjölbreytileikann, sem margir öfunda okkur fyrir. Að mínu mati þurfum við að passa okkur að detta ekki í "flokkunargryfju" með því að einblína á útlitið við ræktun forystufjár – og með því að leyfa engum hæfileikaríkum einstaklingi að heita "forystukind", ef hann er ekki "hreinræktaður".

Það má nefna sem dæmi, að íslenska ærin sem varð fræg í Ameríku fyrir að hafa skynjað bjarndýr í skóginum og komið heim með lömbin sín í tæka tíð, var ekki nema með 12,5% "forystuhlutfall"! Mín kenning er sú að íslenska sauðkindin er enn að mörgu leyti það mikið villidýr, að möguleikinn á framúrskarandi forystugrip býr enn í öllum stofni.

Í stuttu máli: Fylgjumst vel með fénu okkar, virðum hæfileika, lesum bókina eftir Ásgeir og lærum af bændunum í þessari bók – þeir þekktu virkilega til. Ég gæti sagt talsvert meira um þetta því féð mitt hefur aðgang að fjalli allt árið og ég fylgst mjög mikið með því, en núna ætla ég að láta myndirnar tala og læt þetta duga! Ég mæli eindregið með því að horfa á upptökur fundarins áhugamanna um forystufé, sérstaklega spennandi er fyrirlesturinn hennar Gullu um blendingar: **tinyurl.com/forystuskemmtifundur**

Was macht Anführerschafe aus – in alter Zeit und bis heute? Gutes Zusammenspiel mit dem Bauern, herausragendes Gespür für die Herde, unverwüstlicher Optimismus und Ehrgeiz und mit all diesem gepaart die wichtigste Eigenschaft: eine Ausstrahlung, die unschlagbare Führungsqualitäten wiederspiegelt. Wenn sie vorangehen, folgen alle anderen. Mehr dazu und (wahre) Heldengeschichten finden sich im Buch "Immer einen Schritt voraus – forystufé".

Haustmánuður

25.9. til 24.10.2025; hefst á fimmtudegi í 23. viku sumars eða á bilinu 21. til 27. september en í 24. viku sumars ef sumarauki er.

25.9. bis 24.10.2025; beginnt normalerweise am Donnerstag der 23. Sommerwoche (bzw. zwischen dem 21. und 27. September).



Mynd/*Foto:* Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir.
Drottningin Freyja (12 v) og almúginn á Gróustöðum.

Könnun: farsælustu sæðingahrútarnir

Sumarið 2024 gerði ég könnun á meðal sauðfjárbænda, hvaða forystuhrútur á sæðingastöð hafi í gegnum tíðina reynst best m.t.t. forystuhæfileika. Salómon 85-878 kom best út – svo voru Karl Philipp, Jóakim, Leifur og Nikulás á toppnum eftir aldamótin. Áhugavert: Leifur var með AHQ/AHQ og Karl Philipp með AHQ/ARQ!



Áður en Nikulásafkomendur komu til sögu, var Gústa mín nærri alltaf fremst – með syni sína Sprota og Grámóra rétt á hælunum (haustið 2020)



Karl Philip 05-827 frá Sandfellshaga

Myndir/*Fotos:* Torfi Bergsson





Jóakim 08-863 frá Bjarnastöðum



Göngur, efst á Hvammshlíðarfjalli: Grábotnótt ær (með sjaldgæfan "smekkbuxnasmekk"!) ásamt lömbum á leiðinni í Skrapatungurétt. Mjóidalur í baksyn.
Großer Abtrieb: auf dem Weg ins Tal.



Rétt eftir göngur: fyrsta stórhríð í aðsigi – Seli Nikulásson og Jónatan Steinríksson, dóttursonur hans komnir heim ásamt félögum
Schneesturm steht bevor (9.9.24)



Jónatan Steinríksson



September

Tvímánuður

Mán 1 36.
Þri 2
Mið 3
Fim 4 *20.*
Fös 5
Lau 6
Sun 7 ○
Mán 8 37.
Þri 9
Mið 10
Fim 11 *21.*
Fös 12
Lau 13
Sun 14 ☾
Mán 15 38.
Þri 16
Mið 17
Fim 18 *22.*
Fös 19
Lau 20
Sun 21 ●
Mán 22 39. ***Haustjafnd.***
Þri 23
Mið 24
Fim 25 *23.*
Fös 26
Lau 27
Sun 28
Mán 29 40. ☽
Þri 30

Haustmán.

Flottir sauðir: Ingvi, Gutti, Gísli

















Um horn – *Hörner*



Alls konar horn eru til á íslensku sauðfé – einnig alls engin horn! Það er smekksatriði hvort bændur vilja horn eða einmitt engin horn, og hvort þeim finnst sívalhyrnt ljótt eða ekki. Horn og hnýflar geta verið til vandræða ef þau/þeir vaxa í áttina að hausnum – hér þarf að gripa inn í tæka tíð og hornskella eða beygja hornin frá ("venja" hornin). Hérna eru útskýrt nokkur "grunnorð" um horngerð; **ekki er farið út í hornalag** á borð við skeifhyrnt, úthyrnt, afturhyrnt o.s.frv., sem er mjög fjölbreyttur kafli fyrir sig – kannski efni í næsta dagatal!

Svo er allur gangur á hornafjöldanum – allt til frá 0 til 6. Fjöldinn er óháð því hvort horn koma yfir höfuð fram – þ.e. "grunnurinn" býður upp á ákveðinn hornafjölda og önnur gen stjórna því hvort það verða til horn eða ekki. Þess vegna finnst t.d. ferukollótt fé. Svoleiðis fé er oft með skemmtilegan ullarbrúsk ofan á kollinum, sem er hægt að rækta á markvissan hátt.

Hornafjöldinn er alltaf slétt tala: 0, 2, 4 eða 6; oddatölur verða til, þegar tvö horn vaxa saman. Þríhyrnd kind er því í rauninni ferhyrnd.

Die Zahl der Hörner bei isländischen Schafen kann alles von 0 bis 6 sein – selbstverständlich ist alles erlaubt! Bemerkenswert: Die Zahl der Hornansätze sagt nichts darüber, ob wirklich Hörner kommen oder nicht, denn das wiederum wird von anderen Genen gesteuert. Daher gibt es z.B. auch "viergehörnte ungehörnte" Schafe, ferukollótt (sprich "ferü-kotlout"), kollótt = ungehörnt. Viergehörnte Schafe entwickeln teilweise einen lustigen Haarbusch – diese Eigenschaft kann man gezielt züchten, was einige Bauern mit Leidenschaft tun. – Ob ein gehörntes Schaf "hyrnt" oder "hornótt" (sprich "hortnout") genannt wird, ist regional unterschiedlich, wie man auf der Karte sieht.

Mynd: Þóra Sif Kópsdóttir

Hyrnt eða hornótt?

Svarið er ekki einfalt. Kortið endurspeglar um 100 svör úr könnun, sem ég gerði á Facebook í ágúst 2024, auk persónulegra samskipta. Á langflestum svæðum er notað "hyrnt", en á Norðurlandi og Austurlandi finnst samhliða því "hornótt". "Hyrnt" er notað sem fræðiheiti í dag, því virðist "hornótt" á undanhaldi. (Sumum er meira að segja ofboðið að heyra orðið "hornótt"!) Málvenjur um hin horn eru mjög misjafnar og erfitt að flokka þær eftir svæðum.


hyrnt
hornótt
hornótt/
hyrnt
hornótt/
hyrnt
hornótt/
hyrn



Forystufjölskyldan fer á undan. Fjóla, Kóngur, Víðir, Ásta, Grámóri, Steini, Seli.
Die Anführerfamilie geht voran.



Mörá á Kolugafjalli

Gamlir vinir frá Íbishóli – Eitill og Baugur



Kappi



Október

Haustmánuður

Gormán.

Mið	1		
Fim	2	*24.*	
Fös	3		
Lau	***4***		
Sun	***5***		
Mán	6		***Eldad.***
Þri	7	○	
Mið	8		
Fim	9	*25.*	
Fös	10		
Lau	***11***		Fæðingard. fors.
Sun	***12***		
Mán	13	42.	☾
Þri	14		
Mið	15		
Fim	16	*26.*	
Fös	17		
Lau	***18***		
Sun	***19***		
Mán	20	43.	
Þri	21	●	
Mið	22		
Fim	23	*vetur-*	
Fös	24	*nætur*	
Lau	***25***	*1.*	***1. vetrard.***
Sun	***26***		
Mán	27	44.	
Þri	28		
Mið	29		☽
Fim	30		
Fös	31		


Rebekka Sóleyjar- og Teitsdóttir


Sóley Línu- og Kóngsdóttir Gústu- og Selasonar


Gústa Ömmukollu- og Funadóttir


Dóra Snoppu- og Lundadóttir

Augu í sauðfé - *Schafaugen*

Lengi vel átti ég eingöngu kindur með gul augu og mér fannst þetta eðlilegasti liturinn. Út af Nikulás frá Brakanda – ekki beint undan honum! – komu svo allt í einu heslihnetubrún augu. Hann var sjálfur með dökk augu. Í vor eignaðist ég fullt af dökkeygðum lömbum - nærri öll undan Þór (sonardóttursyni Nikulásar) eru brúneygð þótt hann sjálfur sé bara með ljósbrún augu! Ofan á allt það eignaðist Heiðrún hrút með ljósblátt vagl - ég hafði aldrei séð svoleiðis áður ... Þess vegna ákvað ég að birta sérstaka "augnasíðu" í þessu dagatali. Það eru fjölskyldutengsl á milli flestra gripa hér, gaman að bera augun þeirra saman!


Ingvi Heiðrúnar- og Selason


Grámóri Gústu- og Njálsson


Haki Hörpu- og Silfrason Míudóttur Funad.


Lísa Gæsar- og Tolladóttir Austrasonar


Seli Dóru- og Nikulásson

Augnliturinn er ótengdur hára-/ullarlitnum nema að blátt virðist tengt bíldóttu/baugóttu (andlitið er mikið hvítt, þ.e. þar vantar litarefni sem gæti útskýrt bláu augun). Bjarni Bjarnason man að ær undan Frosta frá Hesti (f. 2002) voru stóreygar og guli hringurinn í augunum þeirra var áberandi. Durtur frá Hesti (f. 2016) hins vegar virðist gefa lítil og mjög dökk augu. Burkni frá Mýrum gaf mjög dökk augu en bróðir hans frá Efri-Fitjum, Börkur stór augu, oft með gula hringi í augum. Fólk þóttist þekkja ær frá Rauðabergi í Mýrahreppi upp úr 1945/50 á áberandi gula augnlitnum, þær voru tengdar Bleikju hans Bjarna Guðmundssonar á Höfn í Hornafirði.


Auður Gústu- og Seladóttir


Jökla Auðar- og Teitsdóttir


Teitur Tombólu- og Barkarson


Þór Fjólu- og Teitsson


Fjóla Þoku- og Seladóttir


Þoka Línu- og Njálsdóttir


Gutti Míu- og Selason


Steinunn Auðar- og Steinríksdóttir


Lúsía Helgu- og Sprotadóttir Snoppu- og Lundad.


Lúsíu- og Þórsdóttir


Hjörtur Elsu- og Þórsson Þoku- og Seladóttur


Hneta Sóleyjar- og Þórsdóttir

Ýlir *(sprich "ihlir")*

24.11. til 24.12.2025; hefst á mánudegi í 5. viku vetrar (eða á bilinu 20. til 27. nóvember).

24.11. bis 24.12.2025; beginnt am Montag der 5. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27. November.


Fríða Nínu- og Silfradóttir Helgusonar Snoppu- og Lundad.


Heiðar Heiðrúnar- og Mattason


Ísey frá Sölvholti
mynd: Dodda H Johans



Kappi fyrir ofan Engjadal





Sóley (t.h.) og Fjóla.
Norðurárdalur í baksyn.



Kátu vinir mínir! Elsa fremst
Meine vergnügten Freunde!

Nóvember

[1] Hrútadagur

Gormánuður

Lau	***1***	*2.* H.[1]
Sun	***2***	
Mán	3	45.
Þri	4	
Mið	5	○
Fim	6	
Fös	7	
Lau	***8***	*3.*
Sun	***9***	*Feðrad.*
Mán	10	46.
Þri	11	
Mið	12	☾
Fim	13	
Fös	14	
Lau	***15***	*4.*
Sun	***16***	*Dagur Íslenskrar tungu*
Mán	17	47.
Þri	18	
Mið	19	
Fim	20	●
Fös	21	
Lau	***22***	*5.*
Sun	***23***	
Mán	24	48.
Þri	25	
Mið	26	
Fim	27	
Fös	28	☽
Lau	***29***	*6.*
Sun	***30***	

Ýlir

Desember. Óviðjafnanlegur hátíðarmánuður.

Ferðin okkar hundanna á Skjaldfönn í byrjun desember 2023 var í fullkomnu samræmi við það – eins og sést vel á myndunum þremur …







JÓL eru …

ær sem hleypt er í hús
að fullum garða
jól eru
hross sem standa úti í froststillu
úfin í sæld sinni og vetrarhárum
jól eru
kýr sem mjólkaðar eru
með fyrra fallinu á aðfangadag
jól eru
skilvinduhljóð sem blandast við
sjá himins opnast hlið
jól eru
borði úr mislitum kreppappír
sem ber í grænmálað panelloft
jól eru
gaslukt í eldhúsi
tíulínalampi í baðstofu
snúið kerti á borðshorni
jól eru
ekki flóknari en það

Jónatan Hermannsson





Mörsugur
(sprich "Mörsügür")

24.12.2025 til 22.1.2026; hefst á miðvikudegi í 9. viku vetrar eða á bilinu 20. til 27. desember.

24.12.2025 bis 22.1.2026; beginnt am Mittwoch der 9. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27.12.



Gamli góði Zetorinn í essinu sínu



Baugur sækir hrossin frá fjallinu (Eitill t.v., Ófeigur t.h.)



Mikil forréttindi: að horfa út um gluggann yfir kindurnar sínar – alsælar í góða veðrinu!



Kappi við Laxárdalsgil

Desember

Ýlir

Mán 1 *F.*[1]
Þri 2
Mið 3
Fim 4 ○
Fös 5
Lau 6 *7.*
Sun 7
Mán 8 50.
Þri 9
Mið 10
Fim 11
Fös 12 ☾ Stekkjastaur
Lau 13 8. Gilgjagaur
Sun 14 Stúfur
Mán 15 51. Þvörusleikir
Þri 16 Pottasleikir
Mið 17 Askasleikir
Fim 18 Hurðaskellir
Fös 19 Skyrgámur
Lau 20 9. ● Bjúgnakrækir
Sun 21 Gluggagægir
Mán 22 Gáttaþefur
Þri 23 Þorláksmessa*

Mörsugur

Mið 24 *Aðfangadagur*[K]
Fim 25 *Jóladagur*
Fös 26 *Annar í jólum*
Lau 27 *10.* ☽
Sun 28
Mán 29 *53.*
Þri 30
Mið 31 *Gamlársdagur*

[1]Fullveldisdagurinn
*Ketkrókur [K]Kertasníkir

Ein blaðsíða enn!
Noch eine Seite!

Uppáhaldsmyndir sem náðu ekki inn í dagatalið
Lieblingsbilder, für die kein Platz mehr war



Grámóri Gústuson kann að meta smá þægindi

Fálki Fálkason millilenti í Hvammshlíð – þvílík upplifun! Bæði fyrir hann og mig ... (stofnstærð á Íslandi er ekki nema 300–400 varppör!)

Ein Gerfalke (falco rusticolus) landete in der Nähe des Hauses – abenteuerlich! Sowohl für ihn als auch für mich ... (die isländische Population umfasst nur rund 300 bis 400 Brutpaare!)















Einn Fálki enn! Með Hildarsyni á bakinu … (Hildur var aðeins upptekin!)
Wenn die graue Mama gerade anderes zu tun hat, nimmt man/lamm auch mit einem netten grauen Hammel vorlieb!



Útsýni úr lambakarinu! Svona leit heimurinn út fyrir Fjólu og Elsu (2021).

Aus der Lammperspektive!



Tilkomumiklir sauðir eins og Funi Selason setja sinn svip á hjörðina! Mægðurnar Snærún og Heiðrún eru pínulitlar miðað við hann …
Beeindruckende Hammel wie Funi machen schon was her! Snærún und ihre Mutter Heiðrún zum Größenvergleich …



"Áfram!!! Þarna eru hrossin!"
(Baugur haustið 2023, nýorðinn 11 ára)



Sigurlaug og Hjörtur urðu strax vinir!





Við Ljúfur alltaf kát!
mynd: Amy Schneider

Impressum *Verlag Alpha Uni, Richard-Wagner-Str. 18, D-50674 Köln, www.verlag-alpha-uni.de, Tel. 00354-865 8107 – Das Werk ist einschließlich aller seiner Teile urheberrechtlich geschützt. Jede Verwertung außerhalb der engen Grenzen des Urheberrechtsgesetzes ist ohne schriftliche Zustimmung des Verlags unzulässig und strafbar. 1. Auflage 2024 – ISBN 978-3-9818216-8-0*